


Almenn bjartsýni var ríkjandi fyrir einu ári og flest benti þá til þess að Íslendingar ættu fyrir höndum áfallalitla ferð inn í framtíðina. En veður skipast skjótt í lofti og nú blasir við okkur allt önnur mynd.

Íslenskir bankar hafa ekki farið varhluta af ástandinu á erlendum fjármálamörkuðum. Þeir þurfa nú að búa við ofurhátt skuldatryggingarálag sem fæstir höfðu heyrt minnst á fyrir hálfu ári. Nú eru sagðar fréttir af þessu fyrirbrigði í hverri viku eins og um náttúruhamfarir sé að ræða. Enda fara íslensku bankarnir að öllu með gát og halda útlánum til atvinnulífsins og almennings í lágmarki.

Stýrivextir í nokkrum löndum 2001-2008



Spyrja má hvort sé verra fyrir þjóðina tímabundin verðbólga – verðbólguskot – eða langvarandi ofurvextir sem smám saman sliga fólk og fyrirtæki og geta leitt til fjármálakreppu. Hvorugt er heppilegt. En alla kosti verður að skoða með opnum huga og leita allra ráða til að rjúfa þennan skelfilega vítahring ofurvaxtanna

En hvað er til ráða? Þurfum við að sætta okkur baráttulaust við að hverfa á tæpu ári frá bjartri framtíð yfir í mótbyr?


Enn á ný er minnt á nauðsyn þess að ekkert lát verði á uppbyggingu atvinnufyrirtækja í landinu. Það þarf að skjóta fleiri stoðum undir verðmætasköpunina. Við þurfum að taka fagnandi öllum þeim sem vilja koma hér á fót arðbærri atvinnustarfsemi. Gildir þá einu hvort um er að ræða háækni- eða sprotafyrirtæki, kísilverksmiðju, netþjónabú, álver eða eitthvað annað.

En við látum okkur samt lynda að hafa mjög takmörkuð áhrif og eigum ekki neina talsmenn í öllum þeim stofnunum hins evrópska samstarfs sem móta framtíð okkar. Ef við tækjum skrefið til fulls og fengjum aðild að Evrópu-sambandinu yrði stærsta breytingin sú að við gætum orðið aðilar að Myntbandalagi ESB og tekið upp evru, að fullnægðum tilteknum skilyrðum. Samhliða því tækju Íslendingar þátt í að móta stefnu og taka ákvarðanir innan ESB.

„Samtök iðnaðarins skora á ríkisstjórnina að taka aðild Íslands að ESB á dagskrá og fela hinni nýju Evrópunefnd sinni það hlutverk að móta samningsmarkmið, fara í saumana á samningaferlinu, undirbúa rök fyrir þeim sjónarmiðum sem við þurfum að halda á lofti vegna sérstöðu okkar og hefjast þegar handa við að finna lausnir sem við getum unað við. Því betur undirbúin sem við göngum til þessa verks þeim mun betur mun okkur farnast.“

En við teljum óviðunandi að málinu sé sífellt frestað vegna þess að það taki svo langan tíma að leiða það til lykta eða þá að aldrei sé rétti tíminn til að fjalla um það vegna ýmissa skammtímavandamála sem fyrst þurfi að greiða úr! Slík svör duga ekki lengur og engin þörf er á að blanda saman umfjöllun um skammtíma úrlausnarefni og langtíma stefnumörkun. Við erum að tala um langa ferð – og komumst aldrei á leiðarenda ef við leggjum ekki af stað.

Á Ísland að sækja um aðild að ESB?



Það gekk heldur ekki átakalaust fyrir sig að samþykkja aðild Íslands að EES – sem flestir keppast nú við að dásama. Þannig skiptust þingmenn Framsóknarflokksins í tvo hópa í afstöðu sinni til aðildar og fleyg eru orð Páls Péturssonar við umræður um málið á Alþingi þegar hann sagði að EES samningurinn ætti eftir að færa Íslendingum „ósjálfstæði, atvinnuleysi, fátækt og auðnuleysi.“

Evrutenging launa er viss evruvæðing

Hundrað starfsmanna Marels eiga kost á evrutengdum launum. Ekki komið til tals hjá okkur þótt það sé í kröfugerð ASÍ, segir formaður BHM. Forstöðumaður Hagfræðistofnunar segir vissa evruvæðingu vera í gangi hjá sumum fyrirtækjum.

KJARAMÁL Marel byrjar að borga evrutengd laun 15. mars í samræmi við rammasamkomulag sem gert hefur verið við trúnáðarmannaráð fyrirtækisins. Starfsmenn, sem hafa starfað hjá Marel í sex mánuði geta óskað eftir því að fá 10-40 prósent fastra launa í evrum og er fyrirtækið skuldbundið að bregðast við því innan fjórutíu daga. Samningarnir verða endurskoðaðir árlega.

Gunnar Haraldsson, forstöðumaður Hagfræðistofnunar, segir evrutengd laun vera athyglisverða þróun og að mörg álitæfni komi upp.

„Ákveðin evruvæðing er greinilega í gangi hjá sumum fyrirtækjum. Hvernig spilar þetta inn í kjarasamninga í framtíðinni? Verða menn að taka tillit til þessa við gerð kjarasamninga? Munu aðrir krefjast þess sama? Tíminn einn leiðir þetta í ljós. Mér finnst líka umhugsunarvert hvort tveir ólíkir hópar launafólks eru að myndast í landinu, einn sem fær greitt í erlendum gjaldmiðli og annar hópur sem fær greitt í íslenskum krónum,“ segir Gunnar.

Hjá Marel verða launin greidd í samræmi við gengi evrunnar á fyrsta degi hvers mánaðar. Þeir sem gera samning fyrir næstu mánaðamót fá greitt í samræmi við það 15. mars.

Sigsteinn Grétarsson, forstjóri Marels, segir að launin séu evrutengd því að íslenskir bankar gefi ekki kost á því að greiða í evrum en vonandi verði það einhverja tímann í framtíðinni. Evrutengdu launin séu fyrst og fremst hugsuð til að koma til móts við erlend hús-



KANNA MÁLIÐ VEL Sigsteinn Grétarsson, forstjóri Marels, ráðleggur starfsmönnum að kanna vel hvort evrutenging henti sér.



JÓN SIGURDSSON

SAMNINGUR BREYTTI ENGU

Ýmis fyrirtæki gefa kost á evrutengdum launum. Jón Sigurdsson, forstjóri Össurar, segir að starfsmenn geti tengt allt að helming launa sinna við erlendan gjaldmiðil og tíu prósent hafi tekið þennan kost frá áramótum. Þeir tengi að meðaltali tuttugu prósent launa við annan gjaldmiðil, yfirleitt evru. „Út frá þróngum hagsmunum fyrirtækisins hentar það okkur best að borga fólk í erlendum gjaldmiðli því að við gerum upp í erlendum gjaldmiðli. Krónan er ekki rekstrargjaldmiðill fyrirtækisins,“ segir hann. „Við erum komnir í þetta, þó það væri gerður samningur þá væri það engin breyting fyrir okkur.“

næðislan starfsmanna. Þetta henti ekki öllum og því ráðleggi fyrirtækið starfsmönnum að fara vel yfir málið með þjónustufulltrúa sínum til að kanna hvort það henti hverjum og einum.

Halldóra Friðjónsdóttir, formaður BHM, segir að aldrei hafi komið til tals að gera þá kröfu til íslenska ríkisins að evrutengja laun þó að það sé inni í kröfugerð

á almennum vinnumarkaði. „Ég geri mér ekki grein fyrir því hversu algeng svona myntkörfulán eru en vafalaust eru einhverjir ríkisstafsmenn með þau eins og aðrir,“ segir hún. „Það verður fróðlegt að fylgjast með framvindu.“

Ingimundur Friðriksson seðlabankastjóri vildi ekki tjá sig um málið.

gbs@treitablaid.is

Matur og drykkur 64% dýrari en í ESB

Föt og skór 50% dýrari en meðaltal ESB

VERG landsframleiðsla á Íslandi er 30% yfir meðaltali Evrópusambandsríkjanna 27. Þetta kemur fram í árlegum verðsamanburði fyrir árið 2005 ásamt bráðabirgðaniðurstöðum árið 2006. Samanburðurinn nær til Íslands og 36 annarra Evrópuríkja.

Hlutfallslegt verðlag er einnig hæst á Íslandi, 42% yfir meðaltalinu fyrir landsframleiðsluna í heild og 64% yfir því fyrir mat og drykkjavörur. Niðurstöður eru afar mismunandi milli ríkja. Landsframleiðslan er minnst í Albaníu, 21% af meðaltali ESB. Mest er landsframleiðsla á mann í Lúxemborg, 180% yfir meðaltalinu og minnst í Albaníu, eða 21% af meðaltali ESB.

Séu einstakar neysluvörur skoðaðar fyrir árið 2006 kemur í ljós að áfengi hér á landi er 126% dýrara en meðalverð í ESB-rikinum. Mjólk, ostar og egg eru 50% dýrari hér og ávextir, grænmeti og kartöflur 53% dýrari. Föt og skór eru líka dýrari á Íslandi en meðaltalið innan ESB og munar þar 50%.

Gengið skiptir máli í samanburðinum

Niðurstöður samanburðarins eru gefnar út í Hagtíðindum Hagstofu Íslands.

Guðrún R. Jónsdóttir, deildarstjóri vísitöludeildar Hagstofunnar, segir að upplýsingar á borð við þessar séu teknar saman einu sinni á ári. Hún segir niðurstöðurnar sýna að Ísland sé sem fyrr í hópi þeirra ríkja þar sem landsframleiðslan er mest. „Verið er



að skoða hvað karfa af vörum og þjónustu sem kostar að meðaltali 100 evru í ESB-löndunum, kostar í hverju ur í ESB-löndunum, kostar í hverju landi fyrir sig," segir hún. Gengi íslensku krónunnar skipti máli í þessu sambhengi og því sé erfitt að gera samanburð á verðlaginu milli ára. Hún nefnir sem dæmi árið 2005 en það ár var gengi íslensku krónunnar mjög hátt. „Þá var Ísland 73% yfir Evrópu meðaltali þegar kom að mat og drykk en er núna 64% yfir þessu meðaltali," segir hún. Vegna gengisbreytinga sé ekki hægt að útskýra þennan mun með því að verðlag á Íslandi hafi lækkað á tímabilinu.

Guðrún bendir á að verðlag á Íslandi sé ekki aðeins hátt hvað varðar mat og drykk. Þegar kemur að heildareinkaneyslu er Ísland hæst ásamt Noregi og Danmörku, eða 42% yfir Evrópusambandsmeðaltalinu. Þá eru skoðaðar allar þær vörur og öll sé þjónusta sem heimilin kaupa. Almennt sé verðlag hærra í gömlu Evrópusambandsríkinum, EFTA-ríkinum og ríkjum í Norður-Evrópu.

Full ástæða er til að ætla að viðunandi lausn finnist í samningaviðræðum við Evrópu-sambandið um sjávarútvegs- og landbúnaðarmálin. Samningaviðræðurnar myndu ekki síst snúast um þessi mál og víst er að Íslendingar munu ekki ganga í ESB nema viðunandi lausn náist í því efni. Enginn leggur til að við hefjum þetta samstarf án þess að árangur náist á þessum sviðum. Það er einkum þarna sem þarf að vanda allan undirbúning og komast að því með skýrum og klárum hætti hver yrðu samningsmarkmið Íslendinga. Ef til inngöngu í ESB kæmi, þyrftu Íslendingar að tryggja sér í samningum sama hlutfall heildarafla á Íslandsmiðum og fyrir inngöngu enda er talið að það næðist á grundvelli sögulegra veiðiréttinda.

Fyrir liggur að fjöldi smáríkja hefur tekið þátt í þessu samstarfi í lengri eða skemmri tíma og talið það henta hagsmunum sínum vel. Dæmi um það eru Lúxemborg, Kýpur, Írland, Danmörk og Finnland. Reynsla þeirra er ekki sú að stórveldin standi saman gegn þeim smærri heldur að hin ýmsu ríki myndi mismunandi bandalög sín á milli um tiltekna hagsmuni á hverjum tíma.

Komum vel undirbúin til Brussel og knýjum þar dyra í öruggri vissu um hvað við viljum og staðráðin í að ná fram öllu því sem er Íslendingum fyrir bestu. Þannig skulum við móta okkar eigin framtíð!